



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. ágúst 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og hábitasvæða

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið en með því er ætlunin að lögfesta aðferðafræði við svokallaða rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Að áætluninni hefur verið unnið um árábil og hefur markmiðið verið að skapa forsendur fyrir viðtækri sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórn um rammaáætlunina kynnti fyrir á þessu ári niðurstöður faghópa sinna um þau svæði sem til umfjöllunar hafa verið. Fjallað hefur verið um svæði óháð því hvort þau njóta þegar friðlýsingar eða ekki. Það kemur því á óvart að í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að landsvæði sem njóta friðlýsingar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd skuli falla utan áætlunarinnar. Hér er um að ræða breytingu á þeim forsendum sem unnið hefur verið eftir um margra ára skeið og er því eindregið mótmælt og lagt til að þetta ákvæði verði fellt brott úr frumvarpinu.

Í 5. gr. er lagt til að ekki verði unnt að stunda rannsóknir vegna orkukosta í biðflokki þar sem krafist er mats á umhverfisáhrifum. Nauðsynlegt er að þessu ákvæði verði breytt enda verður oft ekki ljóst hvort um raunverulega orkukosti er að ræða fyrir en að loknum viðtækum rannsóknum þar sem iðulega er gerð krafa um umhverfismat. Við rannsóknir kemur í ljós hvort um raunverulega orkukosti er að ræða og einnig hvort unnt sé að standa þannig að framkvæmdum að ásættanlegt sé frá sjónarhóli umhverfis- og náttúruverndar. Að loknum rannsóknum er enda unnt að ganga þannig frá að merki um rask verði óveruleg.

Lagt er til að 4. mgr. 6. gr. falli brott. Um friðlýsingar er fjallað í öðrum lögum og er unnið eftir þeim á þeirra forsendum. Þessi lög taka til verndar- og nýtingaráætlunar og 6. gr. fjallar um það sem fellur í verndarflokk, en í frumvarpinu einnig talað um „friðlýsing gagnvart orkunýtingu“. Engin ástæða er til þess að friðlýsa sérstaklega það sem ákveðið verður að falli í verndarflokk. Slík flokkun er breytingum undirorpin og ómögulegt að sjá fyrir tæknilegar breytingar og breytingar á náttúrunni sem geta orðið til þess að flokkun svæða breytist.

Í frumvarpi til laga um stjórn vatnamála (651. mál) sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að vatnsstjórnaráætlun verði æðri öðrum áætlunum og í 7. gr. þessa frumvarps að verndar- og nýtingaráætlun verði öðrum áætlunum framar. Tryggja verður að þetta skapi ekki réttaröryggi og óvissu um hvernig með einstök mál skuli fara en mikil hætta virðist á því.

Lagt er til að verkefnisstjórn skv. 8. gr. verði 7 manna og að fulltrúi orkufyrirtækja bættist þar við.

Í 9. gr. eru gerðar kröfur um ítarlegar upplýsingar um virkjunarkosti þegar beiðni er send verkefnisstjórn. Slíkar upplýsingar t.d. um jarðhitasvæði er mjög oft erfitt að leggja fram nema að undangengnum viðamiklum rannsóknum. Ef um er að ræða svæði í biðflokk er ekki unnt að leggja í slíkar rannsóknir ef farið verður fram á mat á umhverfisáhrifum. Rannsóknirnar geta verið afar dýrar og umfangsmiklar. Hér virðist því verið að leggja nýja hindrun og ekki ólíklegt að mál geti farið í nokkra hringi í ferlinu án þess að nokkur niðurstaða fái. Vandséð er hvaða fjárfestar og fyrirtæki munu leggja í rannsóknir þar sem bæði niðurstöðurnar eru óvissar og umfjöllun stjórnvalda orðin einstaklega flókin og ómarkviss.

Samtökin telja að verulegar breytingar þurfi að gera á þessu frumvarpi áður en það geti orðið að lögum þannig að sjálfbær og umhverfisvæn nýting orkuauðlinda geti haldið áfram.


Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Vilhjálmur Egilsson

F. h. Samtaka iðnaðarins



Bryndís Skúladóttir